



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

32. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, fimmtudaginn 12. mars 2026 kl. 09:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.

Lagt fram til kynningar.

2. Hönnun leikskólalóðar

Fyrir liggur yfirlitsmynd frá Hermanni Ólafssyni hjá Landhönnun slf. af fyrirhuguðum breytingum leikskólalóðar.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna.

3. Fundargerð dags. 27.02.2026 vegna farnetssendis á Borg

Fyrir liggur fundargerð dags. 27.02.2026 af fundi fulltrúa sveitarfélagsins með fulltrúa frá Mílu um staðsetningu á nýjum farnetssendi á Borg til að bæta net- og farsímasamband á svæðinu. Í fundargerðinni kemur fram að skoðað verði að staðsetja farnetssendi á þaki nýs stjórnarsýsluhúss.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að skoðað verði hvort mögulegt sé að staðsetja nýjan farnetssendi á Borg á þaki íþróttahúss eða við fyrirhugaða björgunarmiðstöð á lóðinni Þinggerði 1 í stað þess að staðsetja hann á þaki stjórnarsýsluhúss. Steinari Sigurjónssyni falið að vinna málið áfram.

4. Minnisblað dags. 25.02.2026 vegna girðingar á Mosfellsheiði

Fyrir liggur minnisblað dags. 25.02.2026 um mat á girðingarstæði m.t.t. jarvegsaðstæðna, snjósöfnunar o.fl. vegna nýrrar girðingar á Mosfellsheiði.

Lagt fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Minnisblað dags. 20.02.2026 um fyrirkomulag seyruhreinsunar, meðhöndlunar og gjaldtöku í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar, deildarstjóra veitna, um fyrirkomulag seyruhreinsunar, meðhöndlunar og gjaldtöku í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi vegna gangbrautar við Hraunbraut 6

Fyrir liggur erindi frá Bjarna Bærings vegna staðsetningar á gangbraut við Hraunbraut 6.

Framkvæmda- og veitunefnd felur Ragnari Guðmundssyni að vinna málið áfram.

7. Fundargerð dags. 11.03.2026 vegna opnunar tilboða í verkið Vesturbyggð Skógartún 2026

Fyrir liggur fundargerð dags. 11.03.2026 af fundi sem haldinn var þann sama dag um opnun tilboða í verkið Vesturbyggð Skógartún 2026.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Kaldárhöfði – Staða verkefnis

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna, upplýsti nefndarmenn um að enn hefur ekki borist svar frá umhverfis-, orku og loftslagsráðherra varðandi beiðni sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um undanþágu fyrir starfsleyfisskyldum atvinnurekstri sem kann að hafa í för með sér mengun, skv. 16. Gr. Reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006, vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Anítu Rögnvaldsdóttur lögmanni hjá Lögmonnum Suðurlandi gefur ráðuneytið sér allt að 60 daga til að afgreiða beiðnina og sá frestur er ekki liðinn.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00